

3. gr.

Fyrsti málsliður 5. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Meistaránám og hliðstætt nám við félagsvísindadeild er 60e – fjögur misseri – eða tvö ár. Starfstengt meistaránám getur þó verið 45e samkvæmt nánari ákvörðun deildar, enda búi nemendur sem stunda slíkt nám yfir reynslu og þekkingu sem jafna megi til hagnýtrar þjálfunar sbr. 1. mgr. 6. gr. reglnanna.

4. gr.

Við upptalningu lærdómstitla á meistarastigi í 17. gr. reglnanna bætist: *Master of Social Work* (MSW).

5. gr.

Reglur þessar, sem hlotið hafa staðfestingu háskólaráðs að tillögu félagsvísindaeildar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands og 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 7. nóvember 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 369/2003, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

1. gr.

27. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Reikningsár ÁTVR er almanaksárið. Um bókhald, gerð ársreiknings og endurskoðun gilda lög nr. 145/1994, um bókhald, og eftir því sem við geta átt lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og lög nr. 86/1997, um ríkisendurskoðun. Stjórn og forstjóri ÁTVR staðfesta ársreikning að lokinni endurskoðun.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 14. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 12. nóvember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.